

# Samantekt pælinga frá 2019.

Höfundur. Konráð Rúnar Friðfinnsson



1. Kristi er umhugað um manneskju.
2. Heilbrigð trú.
3. Öfundum ekki.
4. Orð vega þungt.
5. Sköpun Guðs féll.
6. Reglan er betri.
7. Sá mútuþægni.
8. Kirkjan sem fyrr er keik.
9. Gólfat er líka hægt að sigra.
10. Undir altarinu.



## Kristi er umhugað um manneskju.

Líkt og allir trúaðir vita er Kristi umhugað um manneskjur. Hann hefur ekki bara umhyggjuna uppi heldur allt sem þarf til að menn upplifi þetta og gaf niður heila bók sem öll er full af aðferðum sem nota má og læra hvernig þetta skuli gert svo friður leiki um og ekki bara endrum og sinnum. Að um svona lagað skuli þurfa að tala og tjá sig er af augljósri ástæðu. Fólki gengur verkið ekki sérlega vel og þarf að hafa fyrir því og gera margt til að friður komi og ílengist. Hver sé besti kosturinn til að hann tjaldi hjá okkur er ekki gott að segja en ljóst að til eru nokkrir:

Í 1Tímóteusarbréfi 6. 6-10. Já, trúin samfara nægjusemi er mikill gróðavegur. 7 Því að ekkert höfum við inn í heiminn flutt og ekki getum við heldur flutt neitt út þaðan. Ef við höfum fæði og klæði þá látum okkur það nægja. En þeir sem ríkir vilja verða falla í freistni og lenda í snöru alls kyns óviturlegra og skaðlegra fýsna er sökkva mönnum niður í tortímingu og glötun. Fégirndin er rót alls ills. Við þá fíkn hafa nokkrir villst frá trúnni og valdið sjálfum sér mörgum harmkvælum.“-

Bent er á nægjusemi. Nægjusamur veit hvað hér sé verið að tala um. Ákveðin friður kemur inn með henni. Rækti menn hana veður þetta samfélag við nægjusemina fólki afskaplega kært. Nægjusemi er kostur sem skrælir ekki bein né gefur af sér endalausán áhyggjuspíp af jafnvel minnsta tilefni heldur færir ró sem allir menn vildu hjá sér hafa en fáir búa við, lifa og eiga. Þetta nægjusama fólk er ekki kærulaust með eitt né neitt hjá sér né fólk sem lifir í annarlegum heimi og neiti staðreyndum, heldur vakandi fólk fyrir mörgu en lætur ekki allt sem gerist trufla sig né setja úr jafnvægi að allt neikvætt í kring, er vissulega þarna, fari í gang eins má búast við að gerist hjá fólki með enga festu í sínu lífi sem einhvervegin bara hrekkst milli staða sem svo lítið þarf til hjá að hugsanir á borð við þessar vakni: „Ég á ekki. Ég hef ekki. Alltaf ég.“-af þanknum um að skorta. Þetta fólk hefur augljóslega ekki tamist við nægjusemi því að nægjusemin tekur ekki svona til máls heldur: „Mér nægir það sem í kringum mig er.“- og er sem sjá má svolítið annar þanki. Á hvorum staðnum erum við?

Eitt af því sem vill rugla marga í ríminu eru hugsanir og þanki um peninga, jafn valtir og þeir nú eru. Bankahrúnið sýndi okkur allt um fallvalt leik fjárens og hvað geti skeð setjum við of mikið traust á það. Einn morguninn vöknudu margir menn upp við þann draum og martröð að hafa misst talsvert af eignum sínum. Og engin vissi hvert. Þetta olli m þvilílkum hugsunum að annað eins hefur ekki gerst. Veðjað var á rangan hest sem skilaði sínu fólki þessum ávexti og birtist með því að velta sjálfur um koll er allir gerðu ráð fyrir að vera komnir með eitthvað upp í hendurnar til framtíðar. Annað kom í ljós, eins og Biblían hafði þegar bent sínu fólki á og kallar „Fégirnd“ og sannaði enn og aftur að hafa haft rétt fyrir sér hvað geti gerst hjá fólki sem fer ekki eftir Orðunum sem Biblía talar heldur eigin hyggjuviti. Og hverju er um að kenna?

Girnd í hverskonar formi er engum manni góður vegvísir og alveg sama hvað menn vilji um mál segja. Girnd er varasöm og afvegaleiðandi afl sem mörgum hefur gert skráveifu. Girnd og nægjusemi fá ekki gengið saman. Eðlileg ávöxtun fjár er annað sem og tekjur af henni. Girnd er löstur. Öndvert við nægjusemi sem er kostur:

„1Tímóteusarbréfi 6. 17-19. Vara ríkismenn þessarar aldar við að hreykja sér og treysta fallvöltum auði, bjóð þeim heldur að treysta Guði sem lætur okkur allt ríkulega í té sem við þörfnumst. Bjóð þeim að gera gott, vera ríkir að góðum verkum, örlátir, fúsir að miðla öðrum, með því safna þeir handa sjálfum sér fjársjóði sem er góð undirstaða til hins ókomna og munu geta höndlað hið sanna líf.“- Gott ár framundan. Jesús lifir! Amen.

## Heilbrigð trú.

Biblían nærir trú fólks og sér til þess að fólk lifi heilbrigða trú. Gott er að venja sig á að bera sjálfur ábyrgð að þessu leiti. Gildir fyrir allt lífið reyndar. Hver ætli sé betur í stakk búin en maður sjálfur þarna? Engin. Það er ljóst. Að vilja vera með fingurinn í lífi annarra manneskju og helst ekki sleppa af hendi er ágæt leið vilji fólk vera með einstakling hjá sér sem aldrei veit hvað hann vill né hvert að fara vegna þess að hafa aldrei fengið neitt alvöru tækifæri til að reyna sig. Að fólk fái að vera það sjálft er réttur. Með þeim hætti lærir það að standa með eigin ákvörðun og að fara skynsömu leiðina en ekki af því að ég sé með puttann á. Lifum okkar eigin lífi og vitum sjálf hvert stefni. Stjórnsemi er ekki besta leiðin fyrir annað fólk. Enda bara frekja. Að vilja hengi sig í belti annarrar manneskju hefur engum gagnast nema tímabundið. En hve margir gera ekki þetta og bara áfram ósjálfstæðir og aumir?

Það sem Guð ætlast til er að fólk lifi sjálfstæðu lífi. Að vera í góðum samskiptum er gott en friar engan við að lifa sjálfstætt né taka ábyrgð. Eina sem fær breytt þessu stríði fólk við sjúkdóma og veikindi sem gerir að verkum að nauðsýnlegt sé að vera með það undir vernd og gæslu, sem er annað mál. Þetta líka vita allir menn.

Sama gildir um trúna. Á henni þarf ég sjálfur að bera ábyrgð. En geri ég það? Tel það já og mig sjálfan vera á þeim stað í mínu trúarlífi og Kristur sé gerður opinber fyrir vor verk og ekkert þannig séð hjá manni í tómu rugli. Og hvernig stendur á því? Er þetta ekki bara hroki? Öruglega í þínum augum. En ég treysti Drottni fyrir eigin trú og kappkosta að vera vel að mér í Orði Guðs og lít ekki á að skilningur sem fengin er með þeim hætti sé neitt slakari vitneskja en aðrir hafi. Og af hverju skildi ég ekki hugsa svona? Spyrja má á móti hvort aðrir þjóna þá einhverjum orðum Guði en ég. Hvaða þá? Var það ekki Kristur sjálfur fyrir sinn Heilaga Anda sem á sínum tíma gaf vörn Heilagan Anda niður og fyllti mig trú? Jú. Og hví skildi ég þá ekki eftirleiðis bera ábyrgð á minni trú sjálfur og sýna útá við með verkum mínum, talsmáta mínum, framkomu minni að eiga til hreina trú og að talsmáti minn sé bæði Guðlegur og verkin mín líka Guðleg sem byggi upp fólk og engu minna en verk margra annarra manna fá gert? Og hver er hæfari öðrum sem bara skilur rétt stöðu sína í Kristi og fer ekki lengra með neitt sem hann gerir en trúin staðfestir og viðurkennir?

Hver er þá vandinn? Hann er ekki fyrir hendi. Nema máski í hugskoti manna og kvenna sjálfra. Og allt svoleiðis getur reynst erfiðleikum bundið að fást neitt við. Sé slík afstaða fyrir hendi. Sem ekki er sjálfgefið að sé.

Og hví skildu aðrir vera eitthvað betur til þess fallnir að útskíra Orð Guðs? Er þetta ekki oft partur vandans sem við er að eiga og hindri eðlilegan trúarþroska trúaðra einstaklinga sem endalaust horfir framhá eigin getu og á aðra manneskju sem sér miklu hæfari. Er slík afstaða ekki bara angi af mannamun sem við gerum og vísbending til okkar sjálfra um að við lítum sjálfvið ekki réttum augum og höfum misskilið gjöfina frá himnum? Er máski til í dæminu að gjafirnar sem Kristur gefi séu mismunandi. Vissulega en hafa ekkert með neinn gæðamun að gera. Væri svo færi Kristur í manngreinaralit rétt eins og ég. Og hver trúir slíku um hann? Engin væntanlega. Sjá má að vandinn sé mest huglægur og að hamra þurfi á kennslunni:

Jakobsbréf: 1.21. Leggið því af hvers konar saurugleik og alla vonsku og takið með hógværð á móti hinu gróðursetta orði er frelsað getur sálir ykkar“- „Gróðursetta Orð“- merkir að Orðinu var sáð og upp kom falleg rós í hjartanu sem hefur margt að gefa af skilningnum. Á þetta erum við hvött að hlusta. Við sjáum mikilvægi þess að bera sjálfir ábyrgð á eigin trú. Allt sem ég þarf er í Biblíunni en ekki fyrirfram að vera í samvistum við tiltekna manneskjur. Sem aldrei getur verið neitt annað en manngerð stoð. Og þær bresta. Jesús lifir! Hann lifir!

## Öfundum engan.

Drottinn vill að við vitum sumt og skiljum hvað hægt sé að gera til að öðlast líf sem er gleðilegt og fyllt gæðum. Hann gaf niður heila bók með allskonar kennslu í sem við getum notað. Fólk sem eftir fer veit að bókin er gangleg. Við höfum leiðina en þurfum að fara hana.

Allskonar gerist milli fólks og vinátta gengur í sundur en samt reynt að halda í eitthvað sem er deyjandi og með allar rætur fúnar og tréð að breytast í lífvana auðn þó eitt sinn hafi tátuði af lífi. Í þessu höngum við lengur en nokkurt vit er í en vitum samt að gefur okkur ekki lengur neitt nema tóma mæðu. Svona gerist að því að hvert og eitt okkar er að glíma við svo margt og á í erfiðleikum með að tjá sig við aðra um hvað sé að. Og sé spurt er fátt um svör og farið undan í flæmingi. Traustið farið út um gluggann og erfitt orðið að eiga við mál, hvað alla tjáningu við annað fólk áhrærir. Eftir situr eittraður þanki sem með tímanum lemur allt af sér sem áður var því svo mikilvægt. Heimurinn er fullur af svona fólki af því að vera yfirhlaðin Guðvana einstaklingum. Sumir sjá þetta?

Jakobsbréf. 4. 1-3. Af hverju koma stríð og af hverju sennur meðal ykkar? Af hverju öðru en girndum ykkar sem heyja stríð í limum ykkar? Þið girnist og fáðið ekki, þið drepið og öfunduð og getið þó ekki öðlast. Þið berjist og stríðið. Þið eigið ekki af því að þið biðjið ekki. Þið biðjið og öðlist ekki af því að þið biðjið illa, þið viljið sóa því í munaði.“ –

Hér er svarið við því af hverju, að dæmi sé tekið, sumt hjá okkur viðhelst ekki nema stundum. Girndin er nefnd sem ein ástæðan. Og girnd getur verið margt. Hún er ekki eitthvað eitt. Velmegun eins getur orsakað að annar fari að öfunda. Það eittraða fyrirbæri. Annar á eitthvað sem einum hefur alltaf langað til að eignast en aldrei fengið. Og það vaknar í honum girnd sem elur af sér dauða, eins og segir. Dauða í óeiginlegri merkingu og honum máski að það sem áður var er ekki lengur á sama stað hjá viðkomandi gagnvart hinum og byrjað að fjara út, með sinni gremju og beiskju. Vínscapurinn sem var svo góður og náinn og gaf af sér svo mikla gleði er orðið deyjandi afl. Grindin í hjarta manneskju fer að reyna að sannfæra hana um að þetta sé óréttlátt að einn eigi svo mikið en viðkomandi ekki en þráir svo að hafa hjá sér sem sína eign en hefur ekki. Á þessum stað gæti fólkið farið að biðja bænir sem sá sem heyrir bænirnar geti ekki bænheyrt vegna þess að bænin er það sem Orðið segir um, illa beðinn bæn, og fjallar máski um að hinn aðilinn sem höndlaði missi það sem hann er með í höndunum. Við slíkan þanka vill Kristur segja: „Komdu til mín og ég skal gefa þér það sem þér hentar.“ Sem sagt: Kristur er svarið mitt. Allskonar getur gerst í lífi fólks.

Og menn eru áfram á sömu braut og gera nú heiminn að vini sínum og Guð þar með að afgangstærð sem eitt sinn var þeim svo mikilvægur og þeir lofuðu í hástert og átti ekki orð til að lýsa hjá gæðunum sem hann daglega lét til þeirra falla. Allt saman rétt og satt því þetta allt og meira til er Jesús:

„Jakobsbréf 4. 4-6 Þið ótrúu, vitið þið ekki að vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði? Hver sem því vill vera vinur heimsins, hann gerir sig að óvini Guðs. Eða haldið þið að ritningin fari með hégóma sem segir: „Þráir Guð ekki með afbrýði andann sem hann gaf bústað í okkur?“ En því meiri er náðin sem hann gefur. Þess vegna segir Ritningin: „Guð stendur í gegn dramblátum en auðmjúkum veitir hann náð.“

Við sjáum að það er alvarlegt mál með afleiðingar að fara ekki eftir því sem lifandi Guð leggur til. Engin ætti að vera neitt undrandi á að allskonar viðgangist meðal okkar og bara sum til hagsældar verandi þó með leiðina og vel vitandi um hvað sumt sem við gerum kosti. Snúum við blaði og elskum hvert annað. Kærleikurinn hylur fjölda synda, segir Orðið. Jesú lifir! Hann lifir! Amen.

## Orð vega þungt.

Þau hafa í sér mátt til að breyta, komu af stað ruglingi, setja á flot lygar og allskonar annað sem er hér og við burðumst með en vildum ekki að væri en stöndum samt andspænis. Sum orð valda sársauka og honum og henni sem sagði eftirsjá og leiða. Allt fólk er undir valdi orða einhverskonar og hefur sjálft sagt mörg sem það viðurkennir að hefði betur verið ósögð. Engin sleppur. Að þessu leiti hafa allir sama djöful að draga.

Allt vegna þess að það er til allskonar í okkur sjálfum sem okkur gengur erfiðlega að vinna rétt með. Þetta útskírir hópinn sem býður sig fram til aðstoðar fólki sem vill vinna með sig sjálft. Flestir sem slíka vinnu hafa með höndum tala við sína skjólstæðinga um orð þau sem fólkið segi. Við vitum þetta, höfum heyrt þetta og stundum lent í þessu sjálf. Samt er þetta allt í kring og hver nýr dagur með helling af orðum sem særa, sem meiða, sem lífga upp, sem vekja fögnuð og allt hitt. Annað sem er merkilegt. Í tvö þúsund ár höfum við verið með góða kennslu um orðin okkar og mikilvægi þess að beisla þau og temja orð eigin munns. Allir eru undir hæl orða og meiðst af sumum og komið heim með 7 banastungur í sér og kellingu sem dirfist að yrða á hann og fær á sig svarið: „Halt þú nú kjafti“- sem hún annaðhvort heykist undan eða dregur fram boxhanskanna til að boxa með og öðrum skemmtilegheitum sem í gang fara.

Jakobsbréf. 3. 3-9. Ef við leggjum hestunum beisli í munn til þess að þeir hlýði okkur, þá getum við stýrt öllum líkama þeirra. Sjáið einnig skipin, svo stór sem þau eru og rekin af hörðum vindum. Þeim verður stýrt með mjög litlu stýri, hvert sem stýrimaðurinn vill. Þannig er einnig tungan lítill limur en lætur mikið yfir sér. Sjáið hversu lítill neisti getur kveikt í miklum skógi. Tungan er líka eldur. Tungan er ranglætisheimur meðal lima okkar. Hún flekkar allan manninn og kveikir í allri tilveru hans en er sjálf tendruð af helvíti. Allar tegundir dýra og fugla, skriðkvikindi og sjávardýr má temja og hafa mennirnir tamið en tunguna getur enginn maður tamið, þessa óhemju sem er full af banvænu eitri. Með henni vegsömum við Drottin okkar og föður og með henni formælum við mönnum sem skapaðir eru í líkingu Guðs.“ –

Hver sem orðin les gæti ekki tekið undir sannleiksgildið og gerir vegna þess að þekkja þetta allt saman. Við sjáum að frá Jakobsbréfi höfum við haft kennslu um hvað orðin okkar geti gert en bara sumir áttað sig á að gildi um einstakling. Þetta er fólkið sem bendir á sig sjálft og segir: „Ég þarf að gæta tungu minnar.“ Og einn til viðbótar gætir tungu sinnar. Frá þeirri tungu er hættan talsvert minni á að berist óhróður og lygar og bara það sem til uppbyggingar má verða. Þú og ég getum bent á okkur sjálf og sagt. Ég ætla að láta góð orð flæða.

Í lokaorðum versanna segir að við lofum Guð með munni okkar en formælum fólki sem Guð hefur skapað í sinni mynd og gerum með einum og sama munni. Sjá ekki allir hvílíka ósvinnu við erum að vinna og mikilvægi þess að beisla orðin og hemja eigin tungu og gera til þess heiðarlega tilraun? Og við hverja aðra en okkur sem þekkjum Krist eiga orðin? Það erum við sem höfum hjálparann og huggarann sem hjálpar okkur við öll verk í Jesús nafni og öll önnur verk einnig sem lútað að vilja Guðs. Við erum forréttindafólkið sem eigum þetta umfram hinn vantrúða sem enn hefur ekki aðgang að sama og við kristna fólkið. Fyrr heldur en Kristur kemur er vantrúin án sömu hjálpar og við sem Krist þekkjum höfum.

Er ekki kominn til að sjálfur söðla um og fella sum orð út úr orðaforðanum? Margir taka undir málflutninginn. Að missa sig í orðum gerist en einnig hægt að snúa við á punktinum og læra af mistökunum. Allt er hægt. Það er. Ef menn bara vilja. Og Guð gefi okkur að vilja.

Vá maður! Vonandi hitt ég ekki minn versta óvin í dag. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

## Sköpun Guðs féll.

Merkilegt er til þess að hugsa að talað sé um að „Sköpun Guðs sé fallinn.“ Hvernig getur Sköpun almáttugs Guðs fallið og hver felldi hana? Sjálfst verk Guðs sem hefur allt vald í hendi sinni og er óumbreytanlegur Guð sem bæði getur og veit allt? Hvernig fær svona tal staðist?

Það í sjálfu sér er ekki flókið mál þekki menn eitthvað til hvað Biblían segi:

„1Mósebók. 3.1-3. Höggormurinn var slóttugri en öll dýr merkurinnar sem Drottinn Guð hafði gert. Hann sagði við konuna: „Er það satt að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum?“ Konan svaraði höggorminum: „Við megum eta af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum en um ávöxt trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, sagði Guð: Af honum megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja.“-

Hér er svarið komið. Nokkru síðar í þessu samtali gerðist þetta og er í fyrsta sinn sem fólk kemur í gegn vilja lifandi Guðs og tekur í hönd lygginnar til að fylgja henni. Þetta er heimurinn í dag. Fallið olli því að allt sem menn geri og hver sem vitleysan sé mæra þeir og jafnvel gera að góðan róm. Við sumt er aflað fylgis og myndað um breiðfylking. Samt er grunnurinn kolrangur og rökstuðningur sömuleiðis. Sköpunin er fallin. Hún féll í synd við þetta orlagaríka tré og hefur enga leið frá. Nema gegnum upprisinn Krist. En hér þarf trú.

Fólkið kom gegn vilja Guðs og lét sannfærast af orðum verunnar og gleymdi Guði og felldi um leið sköpunina og sköpunarverkið sem bauð manneskjunum að hlýða á Guð og ganga með honum í kvöldsvalanum. Adam og Eva flúðu þetta án þess að vita hvers flóttinn leiddi þau. Við þekkjum afleiðingarnar, vitum af bútasamnum, viðgerðunum, reddingunum, plástrunum og því öllu saman. Allt til að „Fyrirmyndarríkið“ fengið risið sem máski kemur, stendur um stund og er svo farið. Og engin veit hvert. Byggjum kerfi á peningum og hagkerfi á pappírnum og stimplum. Þó er allt á brauðfótum sem svignar og skelfir og áhöld um hvort nái að rétta sig. Oprúttinn komst þar inn fyrir dyr til að ná sér í fé með skjótfengnum hætti. Eiginhagsmunirnir á hverju strái vegna þess að sköpunin er fallinn og kærleikurinn felldur um koll. Kirkjan er veik í verki af því að notast við hagkerfi heimsins í stað þess himneska.

Allt meira og minn gegn áformum Guðs sem biður fólki að slaka nú svolítið á. En það vill ekki slaka á heldur stökkva á bak gæðingum sínum og þeysast á harða stökki beint af augum og hafandi næsta áfanga að markmiði sem engin veit með vissu hver sé né hvert leiði.

Allt vegna þess að sköpun Guðs er fallinn sem segir okkur að Guð sé ekki lengur aðilinn sem leitað sé til og fær því ekki stýrt og stjórnað fólki og leitt farsælega um lendur lífsins sem hann þó getur en menn fara ekki vegna þess að sjá ekki gæðin sem því er fylgjandi að vera Guða megin í lífinu. Fyrir vikið upplifir það fyrir augum sínum mikinn veikleika sem birtist í verkum sem ekki eru að ganga neitt upp. Með öllu því sem slíku fylgir. Sköpunin er fallin og sést í öllum þessum gríðarmiklu áhyggjum sem einn og annar ber. Áhyggjum sem áhöld eru um að nokkur fótur sé fyrir en eru samt veruleiki í lífi fólks hvern dag. Og kvíðinn gengur með fólkinu og liggur á því eins og mara.

Og til að undirstrika allt hitt að þá situr þúkinn á fjósbitanum og hlær að öllu saman en getur enga aðstoð veitt og ljær heldur ekki máls á neinni ráðgjöf. Enda sama um hvernig fólkinu vegni. Kæmi ráð frá honum væru þau til að bæta gráu ofan á svart. Allt vegna þess að sköpun Guðs er fallinn og Drottinn settur til hliðar sem frá fyrstu tíð reiknaði með sér sjálfum inn í þessari mynd og sem aðilann sem leiddi allt um réttan veg en frjáls hugur mannsins og geta til að vera óhlýðin vilja Guðs tók yfir. Við þurfum Jesús og mikið af Jesús. Hann lifir!

## Reglan er betri.

Hvarvetna þar sem regla er viðhöfð þar líka er betra skikk á. Framkvæmdin verður betri og markvissari og menn ganga að hlutum vísunum. Þar sem öðruvísi háttar til ríkir viss glundroði á staðnum og of mikill tími fer í að leita af þeirri ástæðu að næsti maður sem nýtti á undan ., og líka mátt, gekk ekki frá eftir sig: “Æ ég gleymdi því“- sagði hann aðspurður þegar ástæðan líklega er kæruleysi. Eða: “Ég nenni því ekki.“- Við þekkjum þessa báða.

Að vera með einhvern sem heldur utan um mál, til að mynda öll frágangsmál eftir vinnu, ef svo má segja, er styrkur hvers firma en ekki veikleiki. Þetta mikilvæga atriðið mætti því oftast vel vera ofar en stundum er bara upp á mórallinn og svona samskipti manna á milli og tekur tillitsemi. Öll fyrirtæki, heimili, eða bara nefndu það, sem vilja taka sig alvarlega og eru öflug og góð fyrirtæki, og stöndug heimili, ekki endilega verið að tala um í fjárhagslegu tilliti, eru það vegna þess að vera með hjá sér vissa grunnþætti og skipulag í lagi og séð um að svo sé í verki. Þau halda utan um það sem þau segja sig standa fyrir og fá af tekjur í hvaða formi sem er og eignast trausta og góða viðskiptavini af að sjá að eru traustsins verðir.

Á þessari hugsun, að hafa með yfirumsjón, örlar hér. Þú og trú þín ert manneskjan í verkið!!: „Gvöð ég, sem þori ekki á klósettið einsömul!“

„Títusarbréfið: 1. 5-6. Ég lét þig eftir á Krit til þess að þú færðir í lag það sem ógert var og skipaðir öldunga í hverri borg svo sem ég lagði fyrir þig. Öldungur á að vera óaðfinnanlegur, einkvæntur, börn hans trúuð og ekki orðuð við léttuð eða agaleysi. Því að biskup á að vera óaðfinnanlegur þar sem hann er ráðsmaður Guðs. Hann á ekki að vera sjálfbirgingur, ekki bráður, ekki drykkfelldur, ekki ofsafenginn, ekki sólginn í ljótan gróða.“

Páll gerir kröfur til fólksins sem leiðir starf sem Páll boðaði Orðið í en skildi eftir handa öðrum að halda áfram með. Í auðvitað góðri trú. Seinni sér Páll, eða verður þess áskynja með öðrum hætti, að ekki sé allt með felldu þarna og fer þess á leit við Títus að hann kíki þar við og komi í lag sem í ólagi sé og tengist líklega eitthvað fólkinu sem fer fyrir. Páll segir að öldungur eigi ekki að vera bráður, ekki drykkfelldur og þar fram eftir götunum sem bendir til að þetta það hafi verið partur vandans.

En um hvað er verið að tala? Yfirráð feitra og hempuklæddra kalla og kellinga sem koma saman annað veiðið og fara yfir stöðuna eftir að hafa borðað dýrindisrétti og ropað á eftir? Nei. Um Orðið sjálft. Orðið og Orðið eitt er yfirstjórn kirkjunnar og um leið safnaðanna. Það eitt fær skorið úr um hvað sé rétt og hvað rangt og leiðréttir stefnu sem menn hafa komið á rangri. Orðið fæst við hvern söfnuð, kirkju, fyrir sig og er hið leiðbeinandi afl þar innandyra og leysir mál sem kunna að vera uppi sem einhver vafi er um. Að vísu kemur ráðið gegnum munn manns eða konu en aldrei nema frá fólki sem vel er að sér í Orðinu og les reglulega og biður Guð sjálfan um leiðsögn. Rétt eins og gera má ráð fyrir að Páll geri er hann tekur ákvörðun um að senda Títus í leiðangur til að lagfæra verk safnaðarins sem greinilegur styrr stóð um. Ekki gleyma mikilvægi Orðsins. Ekki heldur árið „Hey það er 2019“- og mitt inn í hrokanum sem heimurinn fer vaxandi í og blæs á allt sem er ráðsett og hindrar að eigin áliti MIG í að gera hvaðeina sem ÉG sjálfur vill.

Allstaðar þar sem Orðið fær að leiða, ríkja og ráða eru verkin áþekkt hjá hverri kirkju fyrir sig og m leið góðilmur Drottins. Misvitrir menn geta ekki komið í staðinn fyrir Orðið sjálft í sinni umsögn um kirkju né hvernig henni sé ætlað að starfa. Við þurfum ekki mannlega yfirstjórn, þannig séð, nema þá hana sem að öllu leiti lætur verkin tala og gerir út frá Orðinu.

En verum róleg. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

## Sá mútuþægni.

Jæja! Þá er stöff dagsins og næstu daga orðið ljóst. Hið óvænta í málinu er hversu óskaplega á óvart þetta virðist hafa komið mönnum þegar umræðan áratuganna á undan og með reglulegu millibili hefur komið þessu að og fjallað um vissa spillingu í vissum atvinnurekstri og sérstaklega við þessi fátækari lönd heimsins. Orðið „Múta“ var ekki fundið upp í gær heldur hefur lengi verið til og lengi verið notað til að koma áformum sínum alla leið.

Í 5Mósebók og kafla 19 og frá versunum nítján til tuttugu getum við lesið eftirfarandi:

„Þú skalt ekki halla réttinum. Þú skalt ekki sýna hlutdrægni. Þú skalt ekki þiggja mútu því að mútur blinda augu hins vitra og afbaka mál þeirra sem hafa á réttu að standa. Réttlætinu einu skalt þú framfylgja svo að þú megir lifa og taka landið til eignar sem Drottinn, Guð þinn, fær þér.“-

Við sjáum að það sem við erum að fjalla um í dag er engin nýlunda heldur hefur búið með mannum í árþúsundir. Orðin sem við lásum hér ofar tilheyra fimmtu Mósebók sem allir vita að var ekki skrifuð í gær heldur er um að ræða gamla bók sem gerð var fyrir þúsundum ára. Aðvörunarorð um mútuna hafa því lengi verið til og ekki við þau að sakast taki menn ekki eftir þeim né heldur vilji fara eftir þeim. En Orðin eru þarna og munu hafa sínar afleiðingar. Stundum hafi veggirnir eyru. Og ekki síður af þessum ástæðum ber okkur að hlusta:

„Lúkasargupsþjall. 12. 1-3. Fólk hafði nú flykkst að í tugum þúsunda svo að nærri tróð hver annan undir. Jesús tók þá að tala, fyrst til lærisveina sinna: „Varist súrdeig farísea sem er hræsnin. Ekkert er hulið sem eigi verður opinbert né leynt er eigi verður kunnugt. Því mun allt það sem þér hafið talað í myrkri heyrast í birtu, og það sem þér hafið hvíslað í herbergjum mun kunnugt á þökum uppi.“- Þessi Orð Jesús er lögmál sem sett var inn í lífið af Guði sjálfum. Og trúið því að þau munu virka og við verða látin horfa á afleiðingarnar þar sem ranglæti var framið. Hættum því öllu rangæti og öllum óheiðarleika og gerum verk sem drenglundað heiðarlegt fólk. Því við getum það. Þá líka munum við ganga um hnarreist og beini baki. Drottinn lætur ekki að sér hæða og talar síðastur inn í hvert mál okkar manna. Allir munu fá tækifæri til að söðla um og gerast ærlegt fólk.

Mútan frá fyrstu tíð hefur verið mannlífi öllu til tjóns þó annað um tíma sé að sjá hjá þeim sem mútunni beita. Allt er þetta samt fallvölt- og tímabundin gæði. Sagan talar með þeim hætti og við höfum séð þetta gerast aftur og ítrekað á vorri lífsleið, og einnig fólk sem þekkir til sögunnar. Þar er þetta allt saman skráð og einnig aðvörunarorðin um afleiðingar múta sem við rétt þessu lásam í 5Mósebók. Við erum án allrar afsökunar.

Í eðli allrar mútu er að berast mönnum gegnum bakdyr af þeirri ástæðu að þola ekki ljósið. Mútan gefur ríkidæmi sem hverfur hraðar en „gæðin“ bærust er flett var ofan af spillingunni. Öll óheiðarleg verk manna lúta sama lögmáli og mútan gerir. Engir hafa til langframa hagnast á mútunni. Veldur mútan enda hvarvetna tjóni, angist, reiði fólks, sorg, vonbrigðum og að lokum ærumissi gerenda og þiggjenda múta. Þetta er árangur af mútunni er öllu er á botninn hvolt.

Engin samt hefur rétt til að dæma einn né neinn. Allir skulu eftirláta dómskerfi slíkt. Að missa trú á dómskerfi landa er slæmt en segir ekkert til um það hvort dómskerfið standi ekki undir nafni sem réttlátt kerfi. Því alltént vil ég trúá er kemur að dómskerfi lands vors og þjóðar.

Heiðarleiki þarf ekki að hafa áhyggjur af neinu svona. Verum því heiðarleg í viðskiptum.



## Kirkjan sem fyrr er keik.

Kirkjan stendur keik og er sem fyrr leiðandi afl í samfélaginu og aflið sem hreyfir við, séu verk manna á skjön við það sem hún er boðberi fyrir. Án afskipta kirkjunnar væri hér margt í verri farvegi en það þó er og má sannarlega þakka fyrir að Orð hennar eru dropi sem holi stein. Trúin er réttlætiseik sem leitast við að ná því fram sem sannara sé. Orð hennar munu á endanum segja síðasta orðið er öllu verður rutt til hliðar sem menn hafa staðið fyrir en er ekki verk samkvæmt vilja kirkjunnar og þess sem hún boðar. Höfum í huga að þegar talað er um kirkjuna er átt við vilja Guðs. Vilji Guðs er kirkjan og ég þjónn Jesús eftir að hann náðaði mig og hleypti mér inn um dyr kirkju sinnar sem engin maður getur vísað mér úr af þeirri ástæðu að engin maður hleypti mér þangað inn. Hann einn setur menn í embætti og tekur menn úr embætti hjá sér.

Það sem er merkilegt er maður skoðar kirkjuna er að húsbóndi hennar og herra Drottinn Jesús Kristur er sístarfandi og logandi eldur sem fer um og brennir upp allan tré hey og hálm sem safnast hefur fyrir í hjarta manns og gerir af því að öll þessi efni eru plássfrek en ekki gagnleg og hindra það sem þar á að vera í að komast þar fyrir til að vinna verk í hverri manneskju sem Guð ætlar Orði sínu að gera. Hjartað er staðurinn. Mikilvægt að hugleiða.

Þetta er auðvitað mynd af því að vera með hjarta sitt hreint sem Drottinn talar um að við séum eftir endurfæðingu og gerir að verkum að manneskja getur vel verið með hjarta sitt áfram tært en gerir ekki nema vera sjálfur vakandi fyrir sínu lífi sem allskonar stefnir að og gerir tilraun til að hafa áhrif á en vitundin um Guðs vilja er fært afl og virkt afl til að hrinda allskonar af sér. „Hreinleiki hjartans“ - eru orð sem hver trúuð manneskja ætti því að vilja vera með ofarlega hjá sér og vita hví henni er þetta svo mikilvægt. Með aukinni þekkingu á Guðs vilja vex að sama skapi allur skilningur á einu og öðru hvað Drottinn sé að fara með því að tala með þessum hætti og hinum.

Reynsla trúarinnar í ljósi slíkra Orða eru mikilvæg og kemur með ástunduninni sem öndvert fær okkur með tímanum til að taka undir æ meira af Orðum og ráðleggingum þeim sem við nemum af vörum Drottins sjálfs hvort sem er í ræðu hins trúaðra eða riti sem við lesum og námum eða gerum beint upp úr Orði því sem Biblían inniheldur og einhvervegin opinberast fyrir okkur af því að vera þessar lifandi viti bornar manneskjur á göngunni um lífið með öll skilyrði í hjartanu til að skilja veg Drottins fyrir tilstilli Heilags Anda sem þar er. Án Anda Guðs er engin trú né nokkur skilningur til á hvað Drottinn vor standi fyrir né hvað hann sé í raun og veru. Vantrúin getur ekki útskirt Drottinn og engin nema trúin ein. Vantrúin getur engan atkvæðisrétt haft í kirkjunni þó máski hátt gjammi. Er enda engin heimild til fyrir hana. Hún bullar því um málið og svo fram sett af Guði sjálfum sem býr svo um hnúta að gera manninn háðan sér og beitir á hann kærleika sínum vináttu og elsku sem bræðir harðasta hjarta og eina aflið sem fært er um slíkt. Að bræða hjartað er annað orð yfir að maður meðtaki verk Drottins, hlýju hans og þessa undursamlegu elsku inn í sitt líf sem hver maður þarf en fær ekki í heiminum og gerir með tímanum að reiðri og bitri manneskju sem með tímanum er til alls vís. Verk reiðra og eru viðblasandi hvert sem horft er. Þú hefur séð þau.

Með þeim hætti eru ekki verk trúar sem ræktuð hafa upp gott og nytsamlegt samfélag við lifandi Guð og skilur mikilvægið af að ganga samstíga Drottni sínum vegna þess að hann bíður fólki sínu upp á þetta fullkomna samstarf við sig til að fólk skilji en misskilji ekki að hann sé fyrir það og að sé allt í öllu fyrir líf hins sem án hans geti alls ekkert gert. Og undir þetta tekur hver manneskja eftir að skilningurinn og trúin hefur vaxið ásmegin í hjartanu og líka viðurkennir af að reyna að allar hurðir séu opnar fyrir henni upp á gátt. Eða þær hurðar sem Drottinn sjálfur vill og veit um að leiða til góðs. Allt til að byggja upp í manni gott og göfugt hjarta sem laust er við synd. Við sjáum mikilvægi trúarinnar.

## Goliát er líka hægt að sigra.

Vart er til sú manneskja í víðri veröld sem ekki hefur heyrt nafnið „Goliát.“ Samt er ekki víst að allir menn og í öllum tilvikum viti að þetta nafn rekur uppruna sinn til Biblíunnar og Gamla testamentisins. Goliát var Filisti sem öldum saman voru andstæðingar Gyðinga og komu oft gegn þeim með herdeildir sínar til að berjast við þjóðina. Og auðvitað sigra hana. Goliát var þeirra helsti og fremsti hermaður er hann var uppi og hræddust Ísraelsmenn hann mest allra vegna stærðar og afls og fimi, hvort sem var með sverð eða spjót. Biblían segir að Goliát hafi haft sex fingur á hvorri hendi og sex tær á hvorum fæti.

Eitt sem Goliát gerði í stríðinu við Ísrael var að koma fram árla dags og aftur að kveldi og hrópa yfir til herdeilda Gyðinga ókvæðisorð í þeim eina tilgangi að draga mátt úr þeim. Skoðum ögn þennan Goliát:

„1Samúalesbók. 17. 8-10. Goliát tók sér stöðu, hrópaði til fylkinga Ísraels og sagði: „Hvers vegna hafið þið farið og fylkt ykkur til bardaga? Er ég ekki Filistei og þið þrælur Sáls? Veljið ykkur mann til að koma niður til mín. Ef hann sigrar og fellir mig verðum við þrælur ykkar en sigri ég og felli hann verðið þið þrælur okkar.“

“Filisteinn hélt áfram: „Nú hef ég auðmýkt herfylkingar Ísraels. Sendið nú einhvern til mín svo að við getum barist.“ Þegar Sál og allur Ísrael heyrði þessi orð Filisteans skelfdust þeir og urðu mjög hræddir.“-

Í sextánda versni 1Samúelsbókar, sautjándra kafla, segir eftirfarandi:

„Í fjörutíu daga gekk Filisteinn fram og tók sér stöðu, bæði kvölds og morgna.“-

Við sjáum tilgang framferðis mannsins og að hann viti að Gyðingarnir þekki sig. Og öll herdeild Sáls konungs er lömuð. Afl óttans er gríðarlegt. Samt er Goliát bara maður. Að vísu hávaxinn og sterkur maður, en bara manneskja. Allar manneskjur má sigra.

Við þekkjum söguna af unga piltinum að nafni Davíð sem fór gegn þessum ógnvænlega Goliát og sigraði með steini og slöngvuvað að vopni og Guð með sér. Lítil stein og smástrákur feldi ógnina Goliát. Og ógnin hvarf. Er ekki lengur til staðar.

En hvers mynd er Goliát í dag? Goliát er mynd af manneskju, getur líka verið þjóð, sem kemur gegn Ísraelsmönnum. Goliát olli gríðarlegum ótta og Goliát hefur oft eftir þennan atburð valdið Gyðingunum samskonar ótta í gegnum sína sögu.

Hatramasta atlagan í líklega allri mannkynssögunni sem gerð hefur verið að Ísraelsþjóð skeði í seinni heimstyrjöld af völdum nasista. Sem eru þess tíma Goliát. Þeir ollu Ísraelum gríðarlegu tjóni og svipaðri skelfingu að sjá og Goliát nær fram með framkomu sinni og daglegum hrópum kvölds og morgna yfir til fylkinga Ísraelsmanna. Á tíma nasista hafast Gyðingar lítt og ekki að og eru að sjá bara leiddir til slátrunar. Allt baráttu þrek þjóðarinnar er á bak og burt og þeir líklega orðnir vissir um að þjóðinni verði útrýmt í útrýmingarbúðunum sem víða er komið upp í seinna stríði. Með öðrum orðum eru Ísraelsmenn með tölu skíthræddir við þennan ógnvænlega Filista Goliát og einnig nasista, er þeir herjuðu á þá. Oft hafa þeir séð sæng sína uppreidda. Þó ólíku sé saman að jafna má sjá horfið baráttuþrek.

Goliát féll og nasisminn féll, en Gyðingarnir eru enn. Guð stóð með þeim. Þegar notuð er samlíking um að Davíð hafi fellt Goliát skulum við vita að átt er við andstæðing Ísraelsþjóðar. Ekki bandamann Ísraels. Verum sanngjörn gagnvart sögunni.